

Skipulagsfulltrúi
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 14. júní 2017
UST201704-142/K.S.J.
10.04.03

Efni: Sveitarfélagið Hornafjörður. Tillaga að deiliskipulagi motocross- svæðis við Flóðhóla og Fjánhúsvík

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi motocross-svæðis við Flóðhóla og Fjánhúsvík.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er alls 8,6 ha og liggur milli Flóðhóla og Fjánhúsvíkur og er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem landbúnaðarland.

Rekstur akstursbrautar

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um hljóðmengandi starfsemi er að ræða, sem er starfsleyfisskyld, að mikilvægt er að í starfsleyfi verði vöktunaráætlun svo fylgst verði með hávaðamengun frá svæðinu. Mikilvægt er að nærliggjandi byggðir verði ekki fyrir ónæði af völdum hávaðamengunar.


Náttúruminjar og landslag

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu er áætlað motocross-svæði í grennd við Skarðsfjörð sem er svæði á náttúruminjaskrá. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi kemur fram að fuglafræðingur mun skoða svæðið áður en deiliskipulagsáætlun verði samþykkt. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á mikilvægi þess að starfsemi brautarinnar valdi ekki truflun á búsvæðum fugla eða fuglalífi, en verndargildi Skarðsfjarðar er fuglalíf og lífaudugar leirur.


Umhverfisstofnun minnir á að skv. skipulagsreglugerð skulu framkvæmdir ekki vera nær sjó en 50 m, sjá umsögn um aðalskipulagsbreytingu sama svæðis.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðið verði að öllum framkvæmdum þannig að verndargildi nálægra náttúruminja skerðist ekki.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur